2016050025

Starfsendurhæfing Vestfjarða

# Ársskýrsla

Starfsárið 2015

Lögð fram á ársfundi, 3. maí 2016

# Efnisyfirlit;

**Inngangur** ..... **3**
**Um SEV** ..... **3**
**Stjórn** ..... **4**
**Hlutverk SEV** ..... **4**
**Markmið SEV** ..... **5**
**Fjármögnun** ..... **5**
**Samstarfsaðilar** ..... **6**
**Þátttakendur** ..... **7**
Tilvísanir ..... 7
Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda ..... 7
Staða þátttakenda eftir endurhæfingu ..... 9
**Endurhæfingin** ..... **10**
Grunnur ..... 10
HAM eftirfylgni ..... 11
"Úr skuldum í jafnvægi" ..... 11
Sumarstarf ..... 11
Suðurfirðir og Strandir ..... 12
**Þekkingaröflun og samstarf** ..... **12**
**Húsnæðismál** ..... **13**
**Þróun starfseminnar** ..... **14**
**Lokaorð** ..... **15**

# Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2015. Farið verður yfir fjölda og samsetningu þátttakenda í endurhæfingu, innihald endurhæfingarinnar og árangur. Einnig er rætt um samstarf og þekkingaröflun, húsnæðismál, þróun starfseminnar og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári.

# Um SEV

Starfsendurhæfing Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurkaupstaður
- Súðavíkurhreppur
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarhreppur
- Reykhólahreppur
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík
- Háskólasetur Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmenningasetur
- Gildi lífeyrissjóður (Lífeyrissjóður Vestfirðinga)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járniðnaðarmanna
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Starfsemi SEV fer að mestu fram í Vestrahúsinu á Ísafirði. Skrifstofa SEV er á annarri hæð að Árnagötu 2 - 4 og hópastarf fer fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að Suðurgötu 12. Að auki sækja þátttakendur þjónustu til ýmissa aðila á svæðinu og sækja þá þjónustu til viðkomandi þjónustuaðila.
Forstöðumaður og eini starfsmaður SEV er Harpa Lind Kristjánsdóttir.

## Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Stjórn SEV er skipuð eftirtöldum:

- Sigurveig Gunnarsdóttir, formaður, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi Vesturbyggðar.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Karítas Pálsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Hrefna R Magnúsdóttir, fulltrúi Fjölmenningarseturs.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Finnbogi Sveinbjörnsson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Lárus Benediktsson, fulltrúi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Smári Haraldsson, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Árið 2015 voru haldnir 8 stjórnarfundir.

## Hlutverk SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta störfum vegna veikinda, slysa, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn.
Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar.

## Markmið SEV

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þess gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða endurhæfingu þar sem tekið er á vanda hvers þátttakanda í samvinnu við félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á Vestfjörðum. Lögð er áhersla á að þátttakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin endurhæfingu og þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingar-áætlunar sinnar frá upphafi endurhæfingar.

Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins, meðal annars með menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðningi, líkamsþjálfun o.fl.. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiku á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuprófun á almennum vinnumarkaði og í framhaldinu studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn á hraða sem þeir ráða við og hentar hverjum og einum.

## Fjármögnun

Í júní mánuði 2015 var undirritaður þjónustusamningur við VIRK Starfsendur-hæfingarsjóð og gildir sá samningur til loka ársins 2016. Starfsendurhæfing Vestfjarða er nú alfarið rekin fyrir fjármagn frá VIRK, en það er skýr stefna hins opinbera að allt fjármagn til starfsendurhæfingar fari í gegnum VIRK. Í þeim samningum sem VIRK hefur gert við SEV, þeim fyrsta árið 2013 og síðan 2015, hefur VIRK sýnt vilja til að tryggja að á Vestfjörðum sé mögulegt að bjóða upp á heildstæða starfsendurhæfingu þrátt fyrir fámenni og vonandi verður það svo áfram.

## Samstarfsaðilar

Eins og undanfarin ár þá hafa helstu samstarfsaðilar SEV verið Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Vesturafl, Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Endurhæfingardeildin á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Fanney Pálsdóttir ráðgjafi VIRK og Salome Elín Ingólfsdóttir næringarfræðingur. Síðasta ár bættust svo í hóp samstarfsaðila Katrín Sif Þór sálfræðingur og Guðlaug M. Júlíusdóttur félagsráðgjafi og stofnandi Fjölskyldumiðstöðvarinnar hér á Ísafirði. Fanney er ráðgjafi VIRK fyrir verkalýðsfélögin á Vestfjörðum og þurfa allir sem óska eftir að komast í starfsendurhæfingu á Vestfjörðum að byrja á að fara til hennar í ráðgjöf og matsferli. Fanney vísar fólki síðan áfram í viðeigandi endurhæfingarúrræði.

Allt hópastarf SEV fór fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, auk þess sem ávalt er hluti þátttakenda SEV sem nýtir sér námsleiðir og námskeið fræðslumiðstöðvarinnar. Þátttakendur hafa einnig getað nýtt sér náms-og starfsráðgjöf sem Fræðslumiðstöðin býður upp á.

Sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða sáu áfram um sjúkraþjálfun og hreyfingarhluta starfsendurhæfingarinnar, auk þess að sjá um fræðslu um mikilvægi hreyfingar og áhrif hennar á líkama og sál. Hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða starfa nú þrír sjúkraþjálfarar, þeir Ólafur Halldórsson, Tómas Emil Guðmundsson og Atli Þór Jakobsson.

Einhverjir þátttakendur sóttu einnig sjúkraþjálfun og hreyfingu í endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á síðasta ári og góð samvinna hefur verið við sjúkraþjálfarana þar.

Vinnustofa þar sem þátttakendur unnu að ýmiskonar handverki fór fram í Vesturafli og var í umsjá Hörpu Guðmundsdóttur, iðjuþjálfa og Sigríðar Magnúsdóttur. Á haustönn tók Vesturafl einnig við þátttakendum í virkni- og starfsþjálfanir.

Harpa Guðmundsdóttir og Auður Ólafsdóttir önnuðust hópefli og ýmsa aðra heilsutengda fræðslu í Grunni, undirbúningsnámskeiði SEV. Auður kenndi einnig skyndihjálp í Grunni auk þess að sjá um HAM eftirfylgni námskeið sem SEV heldur. Salome Elín Ingólfsdóttir veitti næringarráðgjöf og fræðslu um mataræði og næringuu fyrir þátttakendur í Grunni.

Guðlaug M. Júlíusdóttir hefur séð um ráðgjöf vegna ýmiskonar mála tengdum félags- og fjölskylduaðstæðum fólks.
Auk ofannefndra komu margir aðrir aðilar að starfsemi SEV við kennslu, þjálfun, ráðgjöf og fleira.

# Þátttakendur

## Tilvísanir

Á árinu 2015 bárust 48 tilvísanir frá VIRK vegna 31 einstaklinga. Þar af voru 14 einstaklingar að hefja endurhæfing hjá SEV í fyrsta skipti, 9 byrjuðu fyrri hluta árs og 5 seinni hluta ársins. Þetta er sami fjöldi og á síðasta ári. Lengd tilvísananna var frá einum og upp í sex mánuði, en meðallengd tilvísana voru 3,7 mánuðir. Að meðaltali voru þátttakendur í endurhæfingu hjá SEV í um 6 mánuði á árinu 2015.
Að auki var þremur einstaklingum vísað í styttri úrræði og stök námskeið, en þá er ekki um að ræða heildræna endurhæfingu og starfsmaður SEV sér þá ekki um utanumhald endurhæfingar þessara einstaklinga. Þetta eru sumarnámskeið, HAM hópur og líkamsræktarhópur. Árið 2015 bárust 4 tilvísanir í þessi stöku úrræði fyrir 3 einstaklinga.
Heildarfjöldi þátttakenda SEV á síðasta ári var 31 einstaklingar og var fjöldinn á bilinu 17 - 24 í einu. Þar af voru þrír á sunnanverðum Vestfjörðum. Að auki hefur SEV haft umsjón með vinnusamningum einstaklinga sem lokið hafa endurhæfingu og voru þrír slíkir vinnusamningar endurnýjaðir á síðasta ári.

## Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda

Af þeim 14 þátttakendum sem hófu endurhæfingu árið 2015 voru tíu konur eða 71% og fjórir karlar, eða 29% þátttakenda, sem er nákvæmlega sama hlutfall og á síðasta ári (mynd 1).




Mynd 1.

Af þeim einstaklingum sem hófu endurhæfingu 2015 var hlutfall þeirra sem lokið hafa formlegri menntun við upphaf endurhæfingar mun hærra en árin á undan og hlutfall þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi hefur aldrei verið lægra. Tveir þátttakendur höfðu lokið starfsnámi, en undir það flokkast eins til tveggja ára námsbrautir á framhaldsskólastigi, og tveir höfðu lokið iðnnámi. Jafnmargir þátttakendur höfðu lokið grunnskólaprófi og stúdentsprófi, eða 5 talsins. (mynd 2).




Mynd 2.

Meðalaldur þátttakenda í starfsendurhæfingu var 40,3 ár og spannaði aldursdreifingin frá 24 og upp í 54 ár. Þetta er ívið lægri meðalaldur og minni aldursdreifing en áður.

## Staða þátttakenda eftir endurhæfingu

Í lok árs 2015 höfðu í allt 127 þátttakendur hafið endurhæfingu hjá SEV. Af þeim höfðu 82 einstaklingar lokið endurhæfingu, 15 hafa flutt, 14 hætt og tveir látist áður en endurhæfingu lauk og 14 voru ennþá í virkri endurhæfingu í árslok.

Af þeim sem lokið hafa endurhæfingu, hafa 30 einstaklingar komist í fulla vinnu að endurhæfingu lokinni og komist af opinberri framfærslu. Ellefu eintaklingar eða 16% hafa komist í hlutastarf að endurhæfingu lokinni, en fá greiddar örorkubætur frá TR á móti, vegna skertrar starfsgetu. Fimm hafa farið í nám, þar af 3 í háskólanám og 5 hafa útskrifast í atvinnuleit, tilbúnir að fara í vinnu (sjá mynd 2).

Rúmlega helmingur þeirra einstaklinga sem fá greidda örorku að starfsendurhæfingu lokinni voru með örorkumat áður en þeir hófu starfsendurhæfingu hjá SEV, en vildu freista þess að komast inn á vinnumarkaðinn aftur. Um fjórðungur þessara einstaklinga tókst að auka starfsgetu sína þannig að þeir voru að endurhæfingu lokinni komnir í hlutastarf, allt frá 20% og allt upp í 80% starfshlutfall, sem skiptir miklu máli fyrir lífsgæði þeirra og heilsu.

Tuttugu einstaklingar hafa þurft að sækja um örorku eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu hjá SEV, þar af stunda 6 hlutastörf í 30 - 50% starfshlutalli.




Mynd 3.

## Endurhæfingin

Öllum þátttakendum er vísað í endurhæfingu hjá SEV af VIRK og hafa þá farið í gegnum grunnmat VIRK og þær upplýsingar sem ráðgjafi VIRK hefur aflað um einstaklinga fylgja honum til SEV.

Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er þó alltaf farið yfir stöðu þátttakenda og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig, sem miðar að því að veita stuðning við hæfi og taka á þeim þáttum sem hindra atvinnuþátttöku.

Við undirritun nýs þjónustusamnings skilgreindi VIRK tvær tegundir úrræða sem það vildi kaupa af starfsendurhæfingarstöðvum. Það er annars vegar „Mat á stöðu einstaklinga", sem er stutt úrræði, 1 - 3 mánuðir, sem hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings í þessu úrræði telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku. Hins vegar er um að ræða úrræði sem VIRK nefnir „Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing". Hér þurfa þátttakendur að taka þátt í formlegri endurhæfingu sem nemur að lágmarki 15 - 20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræð. VIRK hefur ekki áður gert svo stífar kröfur um lágmarkstímafjölda og getur hefur það reynst erfitt fyrir suma þáttakendur að ná lágmarkstímafjölda, sérstaklega í byrjun endurhæfingar.

SEV býður áfram upp á flest þeirra úrræða sem áður var boðið upp á og hafa þau orðið hluti af þeirri heildstæðu endurhæfingu sem skipulögð er fyrir hvern einstakling, auk þess sem VIRK hefur einnig geta keypt stök úrræði.

### Grunnur

Grunnurinn er fjögurra mánaða endurhæfing skipulögð af SEV á vor- og haustönn. Grunnur er hugsaður fyrir einstaklinga sem hafa þörf fyrir að byggja sig upp andlega og/eða líkamlega áður en kemur að þátttöku á vinnumarkaði.

Í Grunni er unnið með hópefli og sjálfsstyrkingu, auk þess sem hver og einn einstaklingur vinnur að sínum persónulegu markmiðum með stuðningi frá fagfólki. Líkamsrækt og vinnustofa þar sem unnið er með handverk eru fastir liðir, auk ýmiskonar fræðslu, kynninga og ráðgjafar. Fræðslan felst m.a. í heilsutengdri fræðslu, fjármálafræðslu, tölvufræðslu og skyndihjálp. Boðið er upp á náms- og starfsráðgjöf

og möguleikar til náms, bæði staðbundnu og fjarnámi eru kynntir og þjónusta nýsköpunarmiðstöðvar og Rauða Krossins er kynnt.
Auk hópastarfsins stendur öllum til boða ráðgjöf hjá sálfræðingi, næringarfræðingi, fjármálaráðgjafa eða öðrum sérfræðingum sem einstaklingar geta haft þörf fyrir.

## HAM eftirfylgni

SEV býður upp á eftirfylgni fyrir þá einstaklinga sem höfðu lokið við námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Þar er boðið upp á 6 vikna námskeið þar sem kennd er hugmyndafræði HAM og hvernig fólk getur nýtt sér hana í daglegu lífi. Reynslan sýnir að margir ná ekki að tileinka sér hugmyndafræðina og gera hana að hluta af daglegu lífi á þeim 6 vikum sem námskeiðið varir. SEV hefur því undanfarin ár boðið upp á HAM eftirfylgni, a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem þátttakendur fá stuðning við að tileinka sér HAM hugmyndafræðina. HAM eftirfylgnin er í 1 klst. á viku í 8 vikur í senn.

## "Úr skuldum í jafnvægi"

Einu sinni á ári býðst þátttakendum SEV að fara á fjármálanámskeiðið "Úr skuldum í jafnvægi". Það er Fjármálaþjónustan ehf. sem kemur og heldur námskeiðið hjá SEV. Hugmyndafræðin að baki námskeiðinu skiptir fjármálalegri þroskagöngu einstaklings upp í sjö þrep. Á hverju þrepi tileinkar einstaklingurinn sér eitthvað sem er nauðsynlegt til að öðlast velgengni í fjármálum.
Eftir námskeiðið býðst þeim þátttakendum sem glíma við mikinn fjármálavanda að fá einkatíma hjá kennara námskeiðsins, en hann hefur áralanga reynslu af ráðgjöf við fólk í fjármálavanda.

## Sumarstarf

Sumarstarfið á síðasta ári var 3 x í viku í 6 vikur. Sumarstarfið fór fram í Vesturafli og var að mestu í umsjón Daggar Árnadóttur lýðheilsufræðings. Samanstóð dagskráin af slökun og öndun, samræðum, umræðum um næringu og mataræði, hreyfingu og útivist og var tvo tíma í viku breytt til og dansað eða gert eitthvað skemmtilegt. Samhliða sumardagskrá halda þátttakendur áfram öðrum þáttum endurhæfingar, s.s.

sálfræðviðtölum, sjúkraþjálfun, líkamsrækt og öðru sem endurhæfingaráætlun þeirra gerir ráð fyrir að þeir stundi.

### Suðurfirðir og Strandir

Í lok árs 2015 var endurnýjaður samningur SEV við Vesturbyggð um að starfsmaður Vesturbyggðar, Arnheiður Jónsdóttir, sjái um skipulagningu og utanumhald endurhæfingar þeirra þátttakenda sem vísað er til SEV á suðursvæði Vestfjarða. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og eru báðir aðilar ánægðir með þetta samstarf. Árið 2015 voru 3 þátttakendur í Vesturbyggð í úrræðum sem voru allt frá einum mánuðum upp í 12 mánuði.

Ekkert hópastarf var í Vesturbyggð á síðasta ári svo aðeins var um að ræða einstaklingsmiðaða endurhæfingu. Eru þá úrræði á staðnum nýtt, s.s. þjónusta sjúkraþjálfara, líkamsræktarsalur og sundlaug og Eyrarsel. Auk þess sem haft hefur verið samstarf við vinnuveitendur á svæðinu um vinnuprófanir á vinnustöðum. Sálfræðingur kemur nú einu sinni í mánuði í Vesturbyggð og Arnheiður sér um stuðningsviðtöl og utanumhald endurhæfingar.

Enn hefur engin formleg starfsemi farið af stað á Ströndum eða Reykhólum þar sem engin tilvísun hefur enn borist um þjónustu þar.

## Þekkingaröflun og samstarf

Forstöðumaður SEV tók þátt í hausthittingi starfsendurhæfingarstöðvanna, sem var haldinn í Hafnafirði 5. - 6. nóvember 2015. Auk fulltrúa SEV voru á fundinum forsvarsmenn starfsendurhæfinga Norðurlands, Austurlands, Suðurlands, Hafnafjarðar, Suðurnesja og Vesturlands. Ennþá er unnið að því að bæta gæðamál stöðvanna og þróa gæðastjórnunarkerfi og er starfshópur um það mál ennþá starfandi. Ákveðið hefur verið að á næsta fundi stöðvanna muni verða stofnuð samtök starfsendurhæfingarstöðva.

Í júní fór stjórn SEV ásamt forstöðumanni í kynnisferð á suðvesturhornið. Byrjað var í Reykjanesbæ þar sem farið var í heimsókn í Samvinnu - starfsendurhæfingu á Suðurnesjum, Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum og Björgina - geðræktarmiðstöð

Suðurnesja. Síðan var keyrt á Akranes þar sem Starfsendurhæfing Vesturlands, Endurhæfingarhúsið Hver og Skagastaðir voru heimsótt. Á öllum þessum stöðum var tekið á móti okkur með stuttri kynningu um starfsemina og síðan gengið um og aðstaðan á stöðunum skoðuð. Áhugavert er að sjá hvernig þjónustan mótast eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað og gott að fá hugmyndir um það hvernig hægt sé að bæta þá þjónustu sem boðið er upp á hér hjá SEV.

Í byrjun september tók forstöðumaður þátt í ráðstefnu sem hafði yfirskriftina „Konur, fíkn, áföll og meðferð". Var þetta mjög fræðandi og áhugaverð ráðstefna um mikilvægi þessara mála og þess að hugað sé að því í endurhæfingunni að konur (og karlar) fái aðstoð við að vinna úr áföllum.

## Húsnæðismál

Í janúar 2015 vann stjórn SEV ásamt forstöðumanni stefnumótun fyrir stofnunina og settu fram framtíðarsýn og áætlun um það hvernig unnt væri að þróa starfsemina þannig að þjónustan við notendurna verði betri og uppfylli betur þarfir notendanna. Stór þáttur í því að þessi áform geti orðið að veruleika er að SEV komist í húsnæði sem rúmar meiri og fjölbreyttari starfsemi.

Unnið var að því allt síðasta ár að finna hentugt húsnæði fyrir starfsemina, en það var ekki fyrr en á haustmánuðum að hentugt húsnæði fannst, en það er að Suðurgötu 9 á Ísafirði. Þar sem ekki var möguleiki á að leigja húsnæðið hefur síðustu mánuði verið unnið að því að stofna fasteignafélag sem mun kaupa eignina, sjá um breytingar á því og leigja það síðan SEV, Vesturafli og Fjölsmiðju, sem stendur til að stofna við innflutning í húsið. Forstöðumenn SEV og Vesturafls hafa unnið stóran hluta þeirrar undirbúningsvinnu sem nauðsynleg hefur verið til að fjármagna kaup og endurbætur á húseigninni. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða kom einnig inn í verkefnið undir lok árs og hefur síðan veitt mikla aðstoð og ráðgjöf við fjármögnunina, stofnun félags og síðan kaup húsnæðisins. Í mars 2016 var stofnað félag sem fékk nafnið Virknihús ehf. Fengist hefur vilyrði fyrir hlutafé í félagið frá Ísafjarðarbæ (5 milljónir), Bolungarvíkurkaupstað (2,5 milljónir), Hvetjanda (7,5 milljónir), Ingu Maríu Guðmundsdóttur (5 milljónir) auk þess sem stjórn SEV samþykkti að leggja 5

milljónir í hlutafé í félaginu. Fengist hefur samþykki frá Byggðastofnun um að lána félaginu fjármagn fyrir allt að 75% af heildarkostnaði við kaup og framkvæmdir vegna breytinga og endurbóta sem þarf að gera á húsnæðinu. Skrifað var undir kaupsamning þann 2 maí 2016 og áætlað að húsið verði afhent formlega 1. nóvember n.k. Byrjað er að hanna endurbætur á húsnæðinu, en Teiknistofan Gláma-Kím mun sjá um hönnun og við afhendingu verður hafist handa við framkvæmdir og vonast til að hægt verði að flytja inn í það í lok þessa árs.

## Þróun starfseminnar

Síðastliðið ár hefur starfsemi SEV að mestu leyti haldist óbreytt frá fyrra ári. Sú breyting varð þó á að á haustönn 2015 náðist í fyrsta sinn frá upphafi ekki næg þátttaka í Grunn - undirbúningsnámskeið SEV, sem hefur annars verið haldið á hverri vor- og haustönn frá upphafi. Sama var svo uppi á teningnum á vorönn 2016. Þetta endurspeglar breytingar í eftirspurn á þjónustu. Eftir að allar tilvísanir í starfsendurhæfingu fóru að fara í gegnum VIRK starfsendurhæfingarsjóð, hefur áherslan á skjóta tengingu við vinnumarkaðinn aukist og mest eftirspurn er nú eftir atvinnuendurhæfingu þar sem áhersla er lögð á að hefja vinnuprófun og koma á tengslum við vinnumarkaðinn eins fljótt og auðið er. Mjög fáir þeirra einstaklinga sem vísað er til SEV eru þó tilbúnir að fara beint í vinnuprófanir úti á vinnustöðum og hafa allir þörf fyrir andlega og líkamlega uppbyggingu áður en vinnutenging hefst. Komið hefur verið á móts við þennan hóp með því að semja við Vesturafl um að sjá um starfsþjálfanir þar sem fólk kemur og vinnur í vinnusofu þeirra eða á nytjamarkaði í ákveðinn tímafjölda í viku. Þetta er þó ekki ákjósanlegt Þar sem Vesturafl glímir við mikið plássleysi sem takmarkar bæði þá vinnu sem getur farið þar fram og einnig þann fjölda sem hægt er að taka við þar. Í nýju húsnæði mun verða möguleiki á að sinna þessum hópi fólks mun betur heldur en hægt hefur verið að gera hingað til. Þar verður möguleiki á vinnuprófun í tengslum við Fjölsmiðjuna, auk þess sem ætlunin er að í stað undirbúningsnámskeiðs tvisvar á ári verði rúllandi fræðsludagskrá allt árið sem fólk getur komið inn í þegar hentar og þurfi þá ekki að bíða eftir að námskeið hefjist.

Í byrjun árs 2015 þegar ákveðið var að SEV færi undir sama þak og Vesturafl, var rætt um að þessar tvær stofnanir myndu sameinast um rekstur vinnustofu sem þá var kölluð Vinnuver. Síðan hafa hugmyndir um Vinnuver þróast í þá átt að stofna Fjölsmiðju sem starfa mun eftir sömu hugmyndafræði og fjölsmiðjurnar sem starfræktar eru í Kópavogi, Reykjanesbæ og Akureyri. Forstöðumenn Vesturafls og SEV hafa unnið að því að afla fjármagns til reksturs Fjölsmiðju, sem starfrækt verður við hlið þessara tveggja stofnana í nýju húsnæði. Fjölsmiðjan mun þjónusta þann hóp fólks sem ekki hefur geta nýtt sér þjónustu Vesturafls eða SEV og hefur í raun ekki fengið þjónustu við hæfi á Ísafirði eða nágrenni hingað til. Bæði SEV og Vesturafl munu einnig geta nýtt sér þá aðstöðu sem verður til staðar í Fjölsmiðjunni og mun hún verða til þess að styrkja starfsemi þessara stofnana og gera þeim kleift að veita notendum þeirra betri þjónustu. Í Fjölsmiðjunni mun SEV hafa aðstöðu til starfsþjálfunar og prófana fyrir þá einstaklinga sem ekki eru tilbúinir til þess að fara beint út á vinnustaði, en þurfa tíma og þjálfun í meira vernduðu umhverfi, áður en það skref er tekið.

Í nýju húsnæði verður aðgangur að útisvæði og er ætlunin að útbúa aðstöðu til ræktunar og útiveru þar og stefnt að því að þróa náttúruendurhæfingarúrræði hjá SEV um leið og aðstaða hefur verið sköpuð til þess.

Vert er að undirstrika að ekki er um að ræða sameiningu SEV og Vesturafls, en stofnanirnar munu geta samnýtt aðstöðu og vonir standa til að sambúðin muni styrkja starfsemi beggja stofnananna sem hafa samtals ekki nema 2,8 stöðugildi. Stofnanirnar munu áfram sinna hver sínum markhópi og vinna að þeim markmiðum sem skilgreindar eru í stofnskrá þeirra.

## Lokaorð

Árið 2015 hefur verið ár skipulags og undirbúnings fyrir þær breytingar sem óhjákvæmilegt er að gera á starfseminni til þess að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa á eftirspurn og óskum þjónustukaupa og vonast er að geti komið til framkvæmda fyrir árslok 2016.

SEV hefur frá upphafi lagt áherslu á góða samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og fagfólk á svæðinu og að nýta þá þjónustu sem í boði er sem allra best. Þessi stefna SEV mun ekki breytast þrátt fyrir þær breytingar sem framundan eru. Ólíkir einstaklingar munu áfram þurfa mismunandi úrræði og það er mjög verðmætt að geta nýtt alla þá þjónustuaðila sem eru á svæðinu til að geta sett saman áætlun sem hentar hverjum og einum sem allra best.

VIRK staðfesti á síðasta ári vilja sinn til þess að tryggja rekstur heildstæðrar starfsendurhæfingar á Vestfjörðum, þrátt fyrir fámenni svæðisins. Ennþá er þó það óöryggi til staðar, að ekki hefur ennþá reynst mögulegt að gera samning til lengri tíma en 18 mánaða, sem er mjög stuttur tími þegar skipuleggja á rekstur og þróun starfsemi til framtíðar og takast á hendur nauðsynlegar skuldbindingar. Vonir standa til að VIRK samþykki að endurnýja þjónustusamning við SEV sem gerir það mögulegt að halda áfram því starfi sem lagður hefur verið grunnur að undanfarið.

Þeim stóra áfanga er nú náð að mjög ákjósanlegt húsnæði hefur fundist fyrir starfsemi SEV og útlit er fyrir að hægt verði að flytja inn í það fyrir árslok 2016. Það eru því mjög spennandi tímar framundan sem fela í sér mikla möguleika á að bæta starfsemi SEV enn meira og vonandi bæta enn frekar þann góða árangur sem verið hefur af þjónustu SEV, auka ánægju þátttakenda með þjónustuna og stuðla að aukinni starfsgetu og bættum lífsgæðum þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Harpa Lind Kristjánsdóttir
Forstöðumaður SEV